



Hafnarfjörður

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar
b.t. Árna Rúnars Þorvaldssonar, formanns
Strandgata 8-10

Hafnarfjörður 11. september 2026
Málsnúmer 2606576

Efni: Stendur starfsendurhæfing – Samstarfssamningur

Á fundi fjölskylduráðs þann 18. ágúst sl. var umræða um gerð samstarfssamning Hafnarfjarðarbæjar og Stendur starfsendurhæfingu. Eftirfarandi bókun var gerð:

„Fjölskylduráð felur sviðsstjóra að vinna áfram að gerð þjónustusamnings við Stendur starfsendurhæfingu.“

Hafnarfjarðarbær og Stendur starfsendurhæfing hafa allt frá árinu 2008 átt í farsælu samstarfi um starfsendurhæfingu með það að markmiði að bjóða einstaklingum sem eru á fjárhagsaðstoð og/eða eru óvinnufærir upp á heildstæða úrlausn á vanda hvers og eins. Einstaklingsbundin endurhæfing miðar að því að styðja þátttakendur til virkrar þátttöku og endurkomu í vinnu og/eða í nám, í nánu samstarfi við atvinnulífið og menntastofnanir. Einstaklingur sem sækir úrræðið fer á endurhæfingarlífeyri, að jafnaði, á fyrstu þremur mánuðum endurhæfingar og þar með af fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Tími endurhæfingar getur verið allt frá 18 mánuðum í 30 mánuði samkvæmt samningi.

Til að meta langtímaáhrif endurhæfingar hefur hagdeild tekið saman yfirlit yfir þá einstaklinga sem lokið hafa starfsendurhæfingu hjá Stendur undanfarin ár og borið saman við lista yfir einstaklinga á fjárhagsaðstoð. Niðurstaðan er, að af þeim 86 einstaklingum sem lokið hafa starfsendurhæfingu hjá Stendur á síðustu árum eru 59 sem enn hafa ekki komið inn á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins eða 68,6% þeirra sem sóttu úrræðið.

Með samningi er verið að formfesta samstarfið og skilgreina ábyrgð og skyldur aðila.

Samningurinn er lagður fram til umræðu.

Virðingarfyllst,

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs

Fylgiskjal:

1. Drög að þjónustusamningi.
2. Stendur starfsendurhæfing slóð <https://stendur.is/>